

**Nd.**

### **473. Nefndarállit**

um frumv. til laga um fiskiræktarfelög.

Frá landbúnaðarnefnd.

Eins og kunnugt er, voru hjer á landi langt fram eftir öldum mikil veiðinot í ám og vötnum. En sökum hóflausrar rányrkju hafa þessi hlunnindi farið smáþverrandi með ári hverju. Það er því kominn tími til að reyna að koma í veg fyrir, að þessar landsnytjar verði upprættar með öllu, og helst þyrfti að auka þær frá því sem nú er, ef unt er.

Nú mun það álit mjög margra manna, að með klaki megi auka lax- og silungsgöngu stórkostlega í veiðivötnum hjer á landi.

Engin lagafyrirmæli eru um það, á hvern veg menn geta bundist samtökum um það. Til þess að þetta starf megi verða unnið vel og skipulega, er áreiðanlega nauðsynlegt, að lög sjeu sett um þetta efni.

Frumvarp þetta á að ráða bót á þessu, og vonast nefndin til, að á þennan hátt verði mönnum greiðara að koma á samtökum um laxa- og silungaklak heldur en ef menn hafa engan lagastaf við að styðjast.

Nefndin vill því mæla með frumv., að það nái fram að ganga með nokkrum breytingum. En þar sem þessar breytingar eru allar smávægilegar, þykir ekki þörf á að fjölýrða um þær sjerstaklega. Mun gerð grein fyrir þeim í fram-sögu málsins.

### **BREYTINGARTILLÖGUR.**

1. Við 1. gr.
  - a. Fyrir orðið »fiskimagn« í 2. málsg. komi: fiskiauð.
  - b. Á eftir 2. málsg. komi nýr málslíður, svo hljóðandi: Til friðunar á fiski og útrýmingu sels þarf samþykki  $\frac{4}{5}$  atkvæðisbærra fjelagsmanna.
2. Við 2. gr.
  - a. Á eftir orðinu »eigendur« í fyrstu málsg. komi: (eða ábúendur, samanber þó 6. gr.).
  - b. Fyrir orðin »og skal þá boða eiganda eða eigendur« í fyrstu málsg. komi: og skal þá boða eiganda (ábúanda, sbr. 6. gr.) eða eigendur (ábúendur, sbr. 6. gr.) o. s. frv.
  - c. Á eftir orðunum »lönd eiga« í 2. málsg. komi: (eða leigja).

3. Við 6. gr. Greinina skal orða svo: Nú er jörð, sem land á að fiskisvæði fjelagsins, í byggingu með þeim kjörnum, að landsdrottinn telur sjer ekki skylt að taka þátt í fjelagsskapnum, og skal þá boða leignliða á stofnfund. Stofnfundur getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast fjelagi í stað eiganda. Afl atkvæða ræður úrskurði, en ekki skal hlutaðeigandi leiguleiði greiða atkvæði um þann úrskurð.

Skylt er landsdrottni, þegar leiguliði fer frá jörð, að greiða eftir mati þá veiðiaukningu, sem þá er orðin á jörðinni og þakka má starfsemi fjelagsins.

4. Við 10. gr. Á eftir 1. málsg. komi: Sama gildir og um leigjendur, þegar ábúendaskifti verða, ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir.

Alþingi, 12. mars 1928.

Lárus Helgason,	Jörundur Brynjólfsson,	Jón Ólafsson,
form.	frsm.	fundaskr.
Einar Jónsson.	Bernharð Stefánsson.	